

# Förum vel með

## Staðardagskrá 21 – Velferðaráætlun

### Önnur útgáfa

Okkur er öllum umhugað um framtíðina. Við viljum örugga atvinnu, stöðugan efnahag, góða skóla, hjálpsama bæjarbúa, réttlátt samfélag, aðlaðandi og heilnæmt umhverfi og útivistarsvæði. Í suttu máli viljum við gott líf.

Sjálfbær þróun er hugmyndafræði sem byggir á fyrirbyggjandi hugsun til framtíðar sem meðal annars felur í sér að við höfum jörðina að láni hjá afkomendum okkar og ber skylda til þess að skila henni eins eða í betra ástandi til þeirra. Til að feta slóðann í átt að sjálfbærri þróun þarf að taka upp nýtt verklag sem byggist á samþættingu efnahags-, félags- og umhverfismála. Með því að flétta saman þessar stöðir og þau fjölbreyttu málefni sem undir þær heyra, er unnið á heildrænan hátt að meiri lífsgæðum fyrir alla. Sjálfbær þróun er vítt og opið hugtak og hver og einn getur nálgast hana á eigin forsendum og fundið hvernig hann/hún getur lagt sitt af mörkum í vinnu að sjálfbæru samfélagi.

Sveitarstjórnnum er uppálagt að vinna að sjálfbærri þróun. Sú leið sem Hafnarfjarðarbær hefur farið er að vinna samkvæmt Staðardagskrá 21 sem er verkáætlun þar sem sett eru fram markmið og skilgreind verkefni í efnahags-, félags-, og umhverfismálum. Þannig er Staðardagskráin áætlun um það hvernig vinna skuli að sjálfbærri þróun, hvernig vinna skuli að betri lífsgæðum og betra samfélagi nær og fjær, í nútíð og í framtíð. Staðardagskrá 21 er því fyrst og fremst velferðaráætlun „Förum vel með“.

Í febrúar árið 2006 var hafin vinna við endurskoðun Staðardagskrár 21 fyrir Hafnarfjörð. Skipaður var fimm manna starfshópur um endurskoðunina til að vinna með verkefnisstjóra Staðardagskrárinnar. Hann skipuðu þrjú fulltrúar Þjónustu- og þróunarráðs, Valgerður Halldórsdóttir formaður, Ingimar Ingimarsson og Steinunn Guðnadóttir og tveir fulltrúar Umhverfisnefndar/Staðardagskrá 21, þau Anna Kristín Jóhannesdóttir og Bergur Ólafsson. Við vinnu starfshópsins komu fram þær skoðanir að útvíkka þyrfti Staðardagskrána og auka vægi efnahags- og félagsmála frá því sem var í fyrstu útgáfu. Þannig myndi Staðardagskráin færast nær því að vera velferðaráætlun í raun. Málaflokkarnir yrðu færri en áður en yfirgripsmeiri. Markmiðum yrði jafnframt fækkað, verkefni vel skilgreind auk þess sem ábyrgð yrði skilgreind og tímaáætlanir gerðar fyrir framkvæmdina. Við skilgreiningu verkefna, gerð verkefnaáætlunar, skilgreiningu ábyrgðar og ákvörðun um tímasetningar yrði haft samráð við viðkomandi svið og ráð/nefndir bæjarins. Þannig yrði vinna að sjálfbærri þróun og Staðardagskrá 21 á sameiginlegri ábyrgð allra innan bæjarkerfisins. Enn fremur yrði leitað eftir ábendingum, athugasemdum og hugmyndum bæjarbúa.

Staðardagskrá 21 þarf að vera lifandi skjal og endurspegla breytingar í samfélaginu. Því er lagt til að hún verði endurskoðuð á a.m.k. tveggja ára fresti.

Staðardagskrá 21 er óþjálta orð og engan veginn lýsandi fyrir hvað hún stendur fyrir. Því er lagt til að Staðardagskrá 21 – velferðaráætlun verði sett fram undir slagorðinu „Förum vel með“. Það er stutt, þjálta, auðskilið og hefur skírskotun til umfjöllunarefnisins.

## **Leiðarljós:**

Staðardagskrá 21 er fyrirbyggjandi hugsun, viðleitni til að koma í veg fyrir vandamál í stað þess að leita lausna á þeim sem koma upp.

Í annarri útgáfu Staðardagskrár 21 fyrir Hafnarfjörð eru eftirfarandi málaflokkar:

- Lífsstíll
- Fræðsla
- Náttúra og menningarminjar
- Umhverfi okkar, sveitarfélagið
- Atvinnulíf og sjálfbær þróun
- Samfélag, lýðræði, jöfnuður

Í hverjum málaflokki eru skilgreind markmið sem unnið skal að. Í framkvæmdaáætlun annarrar útgáfu Staðardagskrár 21 verða skilgreind þau verk sem vinna þarf til að ná markmiðunum, ábyrgð er útteilt og tímaáætlanir settar fram.

## **Lífsstíll**

### **Förum vel með auðlindir**

Íbúar Hafnarfjarðar verði meðvitaðir um áhrif af lífsstíl sínum á heilsu, umhverfi og samfélag nær og fjær, í nútíð og framtíð.

Markmið:

- Loftgæði í Hafnarfirði verði með því besta sem þekkist í þéttbýli hér á landi. Styrkur svifryks sé ætíð undir heilsuverndarmörkum. Við markmiðssetningu vegna loftgæða verður stefnt að því að gera a.m.k. jafn vel og felst í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun, Velferð til framtíðar.
- Eftirlit með loftgæðum verði aukið og eflt.
- Almenningsgöngur skal efla. Stígakerfi verði bætt þannig að það sé valkostur sem samgöngukerfi.
- Magn úrgangs sem fer til förgunar skal minnkað stórlega en endurvinnsla og endurnýting aukin. Töluleg markmið verða sett í framkvæmdaáætlun.
- Kostnaður við sorphirðu verði ætíð sýnilegur og mengunarbótareglan verði meginforsenda við álagningu sorphirðugjalda.
- Íbúar verði fræddir um áhrif af lífsstíl þeirra, umhverfismerki, umhverfis- og siðgæðisvottanir. Árið 2012 þekki bæjarbúar umhverfismerki, tilgang þeirra og merkingu.

## **Fræðsla**

### **Förum vel með þekkinguna**

Allir íbúar Hafnarfjarðar þekki og skilji hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, tengd hugtök og merki.

Markmið:

- Upplýsingar um sjálfbæra þróun, Staðardagskrá 21- velferðaráætlun og tengd mál verði auðfundin og aðgengileg á heimasíðu bæjarins.
- Umhverfisfræðsla verði veigamikill þáttur í fræðslustarfi á öllum skólastigum og í allri símenntun.
- Allir skólar í Hafnarfirði verði grænfánaskólar.

- Þróuð verði verkefni sem snúa að nýtingu umhverfis til kennslu og söfnunar upplýsinga um lífríki í nágrenni skóla, vöktunarverkefni.
- Skólar bæjarins verði með skipulagða dagskrá á degi umhverfisins (25. apríl) í samræmi við þema dagsins ár hvert.

## Umhverfi okkar, sveitarfélagið

### Förum vel með bæinn okkar

Hafnarfjarðarbær skal haga sínu starfi eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, íbúum og umhverfi til heilla.

Markmið:

- Móta skal stefnu um notkun umhverfisvænnar tækni á vegum bæjarfélagsins.
- Fyrirtæki bæjarins og stofnanir fái fræðslu um umhverfisstjórnun. Athuga skal með umhverfissvottun stofnana þar sem við á, til að mynda bláfánann.
- Hafnarfjarðarbær verði í fararbroddi sveitarfélaga varðandi rafræn viðskipti, sjálfbær innkaup og kröfur um sjálfbæra þróun í útboðsgögnum. Mótaðar verði reglur um hvernig tekið skuli tillit til þessara krafna við mat á tilboðum. Verktakar fylgi kröfum um umgengni og snyrtimennsku í bænum.
- Bæjarlandi Hafnarfjarðar sé vel við haldið og snyrtilegt. Við ræktun og umhirðu í bænum verði sjónarmið sjálfbærrar þróunar í hávegum höfð, t.d. varðandi val á plöntum, notkun varnarefna og áburðar.
- Viðhalda og vernda ber vatnsverndarsvæði Hafnarfjarðar enda er vatn ein mikilvægasta auðlind okkar.
- Fram fari kerfisbundin úttekt á veitukerfi og í framhaldi verði gerð áætlun um þær úrbætur, s.s. að fjarlægja rotþrær innan þéttbýlis og tengja viðkomandi hús við fráveitu, þyki ástæða til.
- Unnin verði heildræn stefna varðandi nýtingu og/eða förgun lífræns úrgangs úr hesthúshverfum bæjarins.
- Marka stefnu um nýtingu rigningar og yfirborðsvatns við skipulagningu nýrra hverfa, þannig að vatnið nýtist í hringrás vistkerfisins í stað auka álags í fráveitukerfi bæjarins.

## Náttúra og menningarminjar

### Förum vel með náttúru- og menningararfinn

Íbúum skal boðið upp á heilbriggt og fjölbreytt umhverfi. Sérkenni og sérstök gæði náttúrunnar skulu vernduð. Sérkenni bæjarins og menningararfur verði sýnilegur fyrir íbúa að njóta.

Markmið:

- Gerð verði úttekt á því hvaða upplýsingar eru til um náttúrufar í landi bæjarins. Í kjölfarið verði gerð áætlun um náttúrufarskönnun sem fylli upp í eyður í þeirri þekkingu sem í ljós koma.
- Mótuð verði stefna um verndun náttúru og unnar náttúruverndaráætlanir.
- Lokið skal við húsaskrá, fornleifaskráningu og örnefnaskrá og í framhaldinu unnin stefnumótun og gerðar verndaráætlanir um vernd húsa og menningarminja í bænum.
- Gera skal átak í merkingu og fræðslu um náttúru- og menningarminjar.
- Skráning eldri skjala og skjalavistun verði unnin og gerð aðgengileg.

- Vinna þarf deiliskipulag fyrir land Krýsuvíkur.

## Atvinnulífið og sjálfbær þróun

### Förum vel með atvinnulífið

Aðstæður og umhverfi í Hafnarfirði hvetji fyrirtæki til að vera með starfsemi í bænum. Fyrirtæki verði hvött til að huga að áhrifum sínum á umhverfi og samfélag.

Markmið:

- Kröfur bæjarins varðandi umhverfismál, vistvæn innkaup og málefni sjálfbærrar þróunar séu vel kynnt fyrir fyrirtækjum.
- Hafnarfjarðarbær stefni að því að vera þekktur fyrir framsækin fyrirtæki á sviði umhverfismála og að sem flest fyrirtæki í bænum verði með umhverfsvottaða starfsemi.
- Fyrirtæki í bænum fái fræðslu um grunnatriði umhverfisstjórnunar, tækifæri sem starf að umhverfismálum veita og áhrif umhverfisstarf á ímyndarmáls fyrirtækja.
- Fyrirtækjum verði kynnt lög, reglur og viðurlög er varða frágang, útlit og ástand lóða. Gengið verði eftir því að fyrirtæki hafi snyrtilegt á og við lóðir sínar.
- Fyrirtæki verði hvött til að skapa starfsfólki sínu sem bestar starfsaðstæður á allan máta.

## Samfélag, lýðræði, jöfnuður

### Förum vel með hvert annað

Hafnarfjörður verði áfram eftirsótt sveitarfélag þar sem fólk vill búa og starfa, núna og í framtíðinni.

Markmið:

- Velferðaráætlunin sé endurskoðuð reglulega með þátttöku íbúa, t.d. í gegnum íbúabing.
- Íbúar hafi ávallt tækifæri til, og verði hvattir til, að koma á framfæri athugasemdum og hugmyndum varðandi velferðaráætlunina.
- Stofnanir bæjarins marki sér þá stefnu að bjóða upp á lífrænt ræktað og/eða siðgæðisvottað grænmeti og ávexti.
- Aðgengi að vatni í skólum, íþróttahúsum og á öðrum tómstundastöðum verði stórbætt. Jafnframt verði hugað að vatnspóstum og bekkjum með reglulegu millibili við helstu gönguleiðir og útivistarsvæði bæjarins.
- Hafnarfjarðarbær hvetji og aðstoði íþróttafélög í bænum til að gerast fyrirmyndarfélög ÍSÍ ásamt þeim skuldbindingum sem því fylgir.
- Hópur íbúa, fyrirtækja og félagasamtaka þingi reglulega um og vinni að málefnum sjálfbærrar þróunar.
- Sérstaklega verði hugað að vinnu með ungu fólki og eldri borgurum og að nýta krafta þeirra og reynslu í hugmyndavinnu.
- Nýtt verði sú þekking, reynsla og auðlind sem felst í fjölmenningu í bænum.
- Við vinnu að málefnum sjálfbærrar þróunar og Staðardagskrár 21 verði áhrif af markmiðum og framkvæmdaáætlun á líf og störf karla og kvenna í bæjarfélaginu metin.